

SAMÞYKKT

um kattahald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Kattahald í Tálknafjarðarhreppi er háð leyfum og bundið þeim skilyrðum sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Kattahald í fjöleignarhúsum.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi, skal fylgja umsókninni skriflegt samþykki allra eigenda íbúða sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými, svo og leigutaka ef um leiguíbúðir er að ræða.

4. gr.

Leyfisgjald.

Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

5. gr.

Ormahreinsun.

Við greiðslu gjalds skv. 4. gr. ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Gelding.

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri, sem ganga lausir utandyra. Hvatt er til slíks hins sama fyrir læður. Við greiðslu gjalds skv. 4. gr. ber eiganda að framvísa staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram og mun hann þá fá afslátt, sbr. ákvæði gjaldskrár fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi.

7. gr.

Tryggingar.

Hver köttur sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggður og skal sveitarfélagið annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Gjald fyrir ábyrgðartryggingu innheimtist með leyfisgjaldi.

8. gr.

Merking katta.

Kötturinn skal ávallt bera hálsól. Á ólinni skal vera bjalla, auk upplýsinga um heimilisfang eiganda og símanúmer.

9. gr.

Ónæði og óþrif af völdum katta.

Eigandi og umráðamenn skulu gæta þess að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

10. gr.

Tillit til fuglalífs á varptíma.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta.

11. gr.

Óheimilir staðir.

Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. fylgiskjal 3 með reglugerð um hollustuhætti, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.

12. gr.

Dýraeftirlitsmaður.

Tálknafjarðarhreppur fer með umsýslu vegna samþykktar þessarar og getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu.

Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal verða aðgengileg á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps fyrir dýraeftirlitsmann, sé hann starfandi og hjá heilbrigðiseftirliti.

13. gr.

Handsömun katta.

Heimilt er að fanga í búr ketti í eftirfarandi tilfellum:

Sé köttur ómerktur.

Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.

Sé köttur innandyra hjá nágretta í leyfisleysi, á óheimilum stað sbr. 11. gr. eða án samþykkis í fjölbýlishúsi, sbr. 3. gr.

Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

14. gr.

Umsókn um leyfi.

Umsóknir um leyfi til kattahalds skal leggja fram á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps á þar til gerðum eyðublöðum.

15. gr.

Refsiviðurlög.

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

16. gr.

Lagagrundvöllur.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, skulu sækja um leyfi samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. september 2007.

Umhverfissráðuneytinu, 11. júlí 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.